

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Forsætisráðuneyti  
Lækjartorgi Stjórnarráðshúsið  
101 Reykjavík

Reykjavík 18. júlí 2019

1907022SA KB/bg  
Málalykill: 00.64

### Efni: Umsögn um verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttis laga – S-155/2019

Vísað er til máls nr. S-155/2019 í samráðsgátt stjórnvalda, þar sem óskað er eftir umsögnum varðandi verkefnisáætlun um heildarendurskoðun jafnréttis laga. Fram kemur að forsætisráðherra hafi ákveðið að setja af stað vinnu við frumvarp til nýrra heildarlaga um jafnrétti kynjanna og að stefnt sé að því að frumvarp verði lagt fram á haustþingi 2020.

Í verkefnisáætluninni kemur fram að skipa eigi stýrihóp sem vinni umrætt frumvarp. Gert er ráð fyrir því að með stýrihópnum vinni fjórir undirhópar um afmörkuð viðfangsefni. Undirhóparnir eru:

- A. Launajafnrétti og vinnumarkaður
- B. Kæruleiðir / viðurlagakafli laganna
- C. Hlutverk Jafnréttisráðs
- D. Réttindi og skyldur og bann við mismunun á grundvelli kyns

Í verkefnisáætluninni er útlistun á því hvaða fulltrúar muni skipa hvern undirhóp fyrir sig og er sambandið tilgreint sem fulltrúi í undirhópi A um launajafnrétti og vinnumarkað og undirhóp C um hlutverk Jafnréttisráðs og fleiri hlutverk varðandi stjórnarsýslu jafnréttismála.

Samkvæmt verkefnisáætluninni eiga sveitarfélög ekki fulltrúa í hópi B um kæruleiðir/viðurlagakafli laganna né í hópi D um réttindi og skyldur og bann við mismunun á grundvelli kyns. Sambandið leggur til að úr þessu verði bætt og það fái einnig fulltrúa, f.h. sveitarfélaga, í undirhóp B og D. Til frekari rökstuðnings skal bent á að í umsögnum sambandsins um tillögur að löggjöf um jafnréttismál hefur komið fram þung gagnrýni á ákvæði um eftirlit Jafnréttisstofu og þvingunarúrræði. Sambandið telur því afar mikilvægt að fá tækifæri til að fylgja þeim sjónarmiðum eftir í þeirri löggjafavinnu sem nú er framundan.

#### *B. Kæruleiðir / viðurlagakafli laganna*

Sveitarfélögin eru staðbundin stjórnvöld á sviði jafnréttismála og því hafa málsmeðferðar- og kæruleiðir jafnréttis laga skýra þýðingu fyrir þau. Í ljósi þess að umrædd ákvæði geta haft veruleg áhrif á sveitarfélög er óskað eftir því að sambandið fái fulltrúa í undirhóp B.

*D. Réttindi og skyldur og bann við mismunun á grundvelli kyns*

Í þessum undirhópi á meðal annars að fjalla sérstaklega um bann við mismunun í skólum og uppeldisstofnunum. Í ljósi þess að sveitarfélög reka leik- og grunnskóla er nauðsynlegt að sambandið eigi fulltrúa í þessum vinnuhóp. Einnig verður að telja eðlilegt að sveitarfélög eigi þátt í mótun laga um almennt bann við mismunun.

**Að lokum**


Í stefnumörkun sambandsins 2018-2022 er fjallað um hlutverk sambandsins en þar segir meðal annars:

*Sambandið hvetur og styður sveitarfélögin í því að ná fram jafnrétti kynjanna í reynd, bæði sem þjónustuveitendur og vinnuveitendur og þ.á.m. að því að þau innleiði jafnlaunastaðal.*

Endurskoðun jafnréttislaga styður við þetta hlutverk og er sambandið reiðubúið til samstarfs við endurskoðun jafnréttislaga og vonast til að ábendingum um aðkomu þess að fleiri undirhópum verði tekið jákvætt.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

  
Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs